

Mál nr. 445/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 5. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við störf sín í þágu X hinn 14. mars 2025 er hann var að dæla saltþéturssýru úr íláti sem samstarfsmaður hans hafði fyrir mistök dælt í. M notaði andlitsgrímu, var klæddur í heilgalla og með hanska. Við verkið stöðvaðist dælan, efnið fór að sjóða og flæddi upp úr tunnunni. M tók dæluna úr sambandi og fékk fyrirmæli frá yfirmanni um að taka vatnsslöngu og skola burt vökva sem hafði lekið. Þegar hann lyfti vatnsleiðslunni af gólfinu opnaðist gríman og hann andaði að sér 67% saltþéturssýru. Hann hlaut alvarleg meiðsl og var fluttur með sjúkraflugi á Sjúkrahúsið á Akureyri. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Kröfunni var hafnað af hálfu V með bréfi 26. september 2025 á þeim grundvelli að um óhappatilkvik hefði verið að ræða. M byggir á því að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi vinnuveitandans. Yfirmaður hafi falið honum verkið án þess að ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglugerða nr. 553/2004 og nr. 728/2018 væri fylgt. Hlífðarbúnaður sem honum var útvegaður hafi ekki uppfyllt kröfur reglugerðar nr. 1290/2022 né leiðbeiningar samkvæmt öryggisblaði Tandurs hf., seljanda saltþéturssýrunnar. Þá hafi X vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 og slysið því ekki verið rannsakað. Máli sínu til stuðnings vísar M til dómaframkvæmdar til stuðnings því að strangar skyldur hvíli á vinnuveitendum að hlutast til um að framkvæmd sé viðunandi rannsókn á slysum.

Af hálfu V er atvikalýsingu M mótmælt. M hafi verið falið verkefnið með venjubundnum hætti og fengið leiðbeiningar. Súrefnisgríman hafi verið loftknúin CE-vottuð öndunargríma, prófuð við sambærilegar aðstæður. Þá hafi slysið verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins samdægurs, líkt og fram komi í lögregluskýrslu. V telur ekkert benda til saknæmrar háttsemi X og að um óhapp hafi verið að ræða.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ber atvinnurekanda að tilkynna Vinnueftirlitinu slys án ástæðulausrar tafar þegar starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga. Af gögnum verður ráðið að M var frá vinnu í nokkrar vikur. X bar því að tilkynna slysið og sýnt er fram á að lögregla tilkynnti það til Vinnueftirlits ríkisins samdægurs. Ekki liggur fyrir hvers vegna starfsmaður Vinnueftirlitsins kom ekki á vettvang, en það leiðir ekki til þess að vikið verði frá almennum sönnunarkröfum. Það hvílir því á M að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess. Samkvæmt öryggisblaði Tandurs hf. er hér um að ræða stöðugt hættulegt efni sem getur valdið alvarlegum öndunarskaða og bruna. Þar eru ítarlegar leiðbeiningar um öryggisráðstafanir, nauðsynlegan búnað og viðbrögð við leka. Reglugerð nr. 553/2004 kveður á um skyldur atvinnurekanda til að framkvæma áhættumat, grípa til forvarna og tryggja starfsmönnum örugga meðhöndlun hættulegra efna. Þá ber atvinnurekanda að gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum, m.a. með notkun persónuhlifa skv. 7. gr. reglugerðarinnar. Fyrir liggur samkvæmt lögregluskýrslu að M notaði hlífðarfatnað, en ætandi efni komst samt inn fyrir grímuna. Það leiðir til þess að annaðhvort hentaði gríman ekki til verksins eða M hlaut ekki fullnægjandi leiðbeiningar um notkun hennar. Hvorugt verður talið standast þær kröfur sem gerðar eru til vinnuveitanda samkvæmt lögum og reglugerðum. X bar ábyrgð á því að skipuleggja vinnuna þannig að hætta væri sem minnst og að starfsmaður væri með réttan búnað og viðeigandi þjálfun. Á grundvelli framangreinds verður að líta svo á að slysið megi rekja til atvika sem X ber ábyrgð á samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stöð í þeim lögum. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í

skilningi 23. gr. a skaðabótalaga sem leiða ætti til skerðingar bótaréttar. Bótaskylda X úr ábyrgðartryggingu hjá V er því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir